

## MANNRÉTTINDI

Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki sem stundar viðskipti á mörgum ólíkum staðbundnum mörkuðum. Til að geta gert það á árangursríkan hátt treystum við á að allir Alcoa-liðar lifi eftir Alcoa-gildunum og stuðningsreglum þeirra.

Við teljum okkur geta náð því besta fram í okkur öllum með því að hafa gildi fyrirtækisins í heiðri. Þau eru alþjóðlegt tungumál okkar – hafin yfir menningu og landafræði. Að lifa eftir gildum okkar krefst þess að við stöndumst ýtrustu staðla í fyrirtækjahegðun á öllum sviðum viðskipta - á öllum landsvæðum heimsins. Undirstaðan undir gildin okkar er sæmd og gagnkvæm virðing, sem eru grundvallaratriði fyrirtækisins.

Aðkoma Alcoa að málefnum sem varða mannréttindi stjórnast af gildum okkar og reglum.

### **Börn og ungir starfsmenn**

Það er grundvallarregla hjá okkur að hvorki ráða börn í vinnu né styðja barnaþrælkun. Við hvetjum til sköpunar menntunar-, þjálfunar- eða lærlingsverkefna í tengslum við formlega menntun ungs fólks.

### **Frelsi til skuldbindingar**

Við álítum að fólk ætti að vinna af því að það langar til þess eða þarf þess, ekki af því að það neyðist til þess. Við höfnum fangavinnu, þvinguðum námssamningum, nauðungarvinnu, þrælahaldi og ánauð.

### **Jöfnuður tækifæra**

Við viðurkennum, virðum og styðjum þann menningarmun sem finna má á heimsmarkaðinum. Vinnustaður okkar er veldi hæfileikamanna þar sem markmið okkar er að laða að okkur, þróa, styðja og halda í besta fólkið úr öllum menningarheimum og öllum geirum þjóðfélagsins á grundvelli getu. Við höfum ekkert umburðarlyndi gagnvart mismunun eða áreitni hvers konar.

### **Laun**

Við tryggjum að laun standist eða séu umfram lögbundið lágmark og að þau séu samkeppnishæf við mælikvarða iðnaðarins. Við miðlum launaheimspeki okkar skýrt til starfsmanna og hún er að fullu í samræmi við öll viðeigandi lög.

### **Félagafrelsi**

Við viðurkennum og virðum frelsi einstakra Alcoa-liða til að gerast meðlimir, eða gerast ekki meðlimir, í löglegum samtökum og félögum.

### **Tengsl við innfædda**

Innan ramma gilda okkar virðum við menningu, siði og gildi fólksins í þeim samfélögum þar sem við störfum og tökum tillit til þarfa þess, áhyggna og langana.